

Nd.

269. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 33, 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna »árin 1929 og 1930« í 1. gr. laganna komi: árin 1931 og 1932.

2. gr.

Í stað orðanna í 2. gr. laganna »árin 1929 og 1930« komi: árin 1931 og 1932.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 43 frá 4. júní 1924 var Eimskipafélag Íslands h/f undanþegið frá því að greiða tekju- og eignarskatt um fimm ára tíma, eða til ársloka 1928. Jafnframt var svo ákveðið í lögnum, að félagið greiddi ekki aukauðtsvar í bæjarsjóð eftir efnum og ástæðum, heldur greiddi það 5% af nettóágóða næsta árs á undan. Með lögum nr. 33 frá 7. maí 1928 voru þessi ákvæði framlengd til ársloka 1930, en jafnframt var því bætt inn í lögin, að undanþágan frá tekju- og eignarskattinum væri bundin því skilyrði, að félagið greiddi ekki hluthöfum hærri arð en 4% á ári, og félaginu auk þess gert að skilyrði að veita allt að 60 mönnum á ári ókeypis far til útlanda og heim aftur á skipum félagsins.

Þar sem fram undan eru örðugir tíznar, og félagið hefir fulla þörf á þessari ívilnun, þykir rétt að framlengja þessi hlunnindi í 2 ár enn, eða til ársloka 1932.

Þess skal getið, að einn nefndarmanna (HV) var ekki á fundi fjárhagsnefndar, þegar samþykkt var að bera frv. þetta fram.